Ævintýralegt jafnrétti

Kennsluefni í jafnréttisfræðslu í leikskóla

Leikskólinn Iðavöllur Akureyri
Ævintýralegt jafnrétti. Kynjahugmyndir leikskólabarna
Höfundur: Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor við Háskólann á Akureyri og verkefnisstjóri
Tilraunakennsla:
Hólmfríður Þórðardóttir leikskólakennari á Þrymheimi umsjón á vettvangi
Arnar Yngvason deildarstjóri Þrymheims
Kristín Elva Magnúsdóttir leikskólakennari á Þrymheimi
Ólöf Jónasdóttir leikskólaleiðbeinandi á Þrymheimi

Efnisyfirlit

1. Fyrir kennara 5
Umræður um jafnrétti 6
Til umhugsunar 10
Hvernig tala ég við börnin? 12
Til umhugsunar fyrir kennara 13
Umhugsunarefni fyrir kennara 22
Til umhugsunar fyrir kennara 23
Minnissnepill með Búkollu 24
2. Fyrir foreldra 25
Skilaboð um kurteisi 26
Skilaboð um hrós 28
Skilaboð um stelpur og stráka 30
Skilaboð um leikföng 33
Skilaboð um prinsessur og dreka 35
Skilaboð um áhugamál 37
Skilaboð um hæfileika 39
Skilaboð kynhlutverk 41
Skilaboð um kynhlutverk 43
Skilaboð um smekk 45
3. Verkefni fyrir börn 47
Umræðuefni – Ýmsar hugmyndir 48
Umræðuefni – skiptir kyn máli? 50
Latibær í öðru ljósi 51
Bangsar 52
Bílabraut 53
Byggingaleikir 54
Dúkkuhús 55
Dúkkur 56
Gotterí 57
LEGO - afmæli 58
LEGO – löggur og bófar 59
Leikfangabyssur 60
Læknir 61

Púsluspil 62
Risaeðlur 63
Speglar 64
Riddari 65
Eyðublað – Um pabba og mömmu 67
Eyðublað – Litir fyrir stelpur og stráka 68
Eyðublað – Þegar ég verð stór ætla ég að verða… 69
Eyðublað – Strákadót 70
Eyðublað – Stelpudót 71
Myndir til að ræða um 72
Myndir til að ræða um: Bleikt eða grænt hjól? 88
Myndir til að ræða um: Bleikur eða grænn bolti? 89
Myndir til að ræða um: Bleikur eða grænn? bílar, trukkar og vinnuvélar 90

1. Fyrir kennara

Í þessum hluta eru verkefni, umræðuefni, leiðbeiningar og eyðublöð fyrir kennara og kennarahópa.

Þegar unnið er með jafnrétti í skólastarfi er mikilvægt að vinna jafnhliða að fræðslu kennara. Markviss umræða, ígrundun og fræðsla er mikilvæg í upphafi en einnig þarf að viðhalda þessum þáttum reglulega og jafnt og þétt.

Athygli er vakin á að verkefnin urðu til sem áfangar á leið í þróunarverkefninu, þau eru fyrstu skref og sem slík afmörkuð og einföld út frá þeim viðmiðum sem sett voru fyrir Ævintýralegt jafnrétti og henta ekki sjálfkrafa annars staðar.

Umræðuverkefnum fylgir línustrikað blað til að skrá á niðurstöður, hægt er að prenta verkefnin út þannig að línurnar lendi aftan á umærðublaðinu. Einnig er hægt að sleppa að prenta línustrikuðu blöðin út.

Kennurum er frjálst að nota efnið að vild, aðlaga það, breyta og bæta að vild.

Umræður um jafnrétti

Hópavinna, blandaðir 3-5 manna hópar

Veljið ritara sem skráir punkta og fundarstjóra sem ber ábyrgð á að allir fái að tjá sig.

Umræðuefni:

- Þarf að huga að jafnréttinu?
- Hvers vegna?
- Hvað eru mikilvægustu verkefnin?
- Hvað með stelpurnar? Hvað getum við gert til að auka jafnréttið svo stelpurnar græði?
- Hvað með strákana? Hvaða getum við gert til að auka jafnréttið svo strákarnir græði?
- Hvernig viljum við vinna að jafnrétti? Hvaða leiðir viljum við fara?

Ritarar skila niðurstöðum þegar hópar koma saman aftur

Niðurstöður:

Verðugt viðfangsefni fyrir komandi vetur. Samskiptin í skólastofunni

Samantekt úr hópavinnu

1. _____

2. _____

3. _____

4. _____

5. _____

6. _____

7. _____

8. _____

9. _____

10._____

11._____

12._____

Verðugt viðfangsefni fyrir komandi vetur. Samskiptin í skólastofunni

Samantekt úr hópavinnu

1. _____

Verðugt viðfangsefni fyrir komandi vetur. Samskiptin í skólastofunni

Samantekt úr hópavinnu

1. _____

Verðugt viðfangsefni fyrir komandi vetur. Samskiptin í skólastofunni

Samantekt úr hópavinnu

1. _____

Til umhugsunar

- Mörg dæmi eru um að vísindaleikföng ætluð stúlkum hafi minni möguleika en sambærileg leikföng fyrir drengi
- Mörg dæmi eru um að leikföng ætluð drengjum bjóði upp á virkni, þátttöku, frumkvæði á meðan leikföng og viðfangsefni stúlkna eru dund s.s. heimilisstörf, snyrtivörur, prinsessubúningar ofl.
- í afþreyingarefni, markaðssetningu, bókum og fleira má sjá fjölmörg dæmi þar sem stelpur eru... en strákar gera

Umræðuefni:

Ræðið eitt atriði í einu. Finnast dæmi um þetta tiltekna dæmi í skólanum þínum?

Hvað má betur fara? Hvað er vel gert?

Hvaða skilaboð eru gefin úti/inni, hér og þar í dagskipulaginu?

Geta þau verið jákvæð? Geta þau verið neikvæð?

Þarf að breyta einhverju? Hverju? Hvernig?

Niðurstöður:

Hvernig tala ég við börnin?

Kennari lítur í eigin barm og skoðar samskipti við börnin sem síðan má meta m.a. út frá kyni. Nöfn barna eru skráð í listann og merkt við um tíma t.d. eina klukkustund eða einn dagpart.

dagsetning			

Nafn barns					

Það sem kom fram

Hvað ætla ég að gera næst

Til umhugsunar fyrir kennara

Hér fylgja nokkur verkefni sem má ræða á fundum. Gefið ykkur tíma til að ræða hvern lið vel og ítarlega og takið málið upp aftur, gefið ykkur tíma til að velta efninu fyrir ykkur.

Eru fullyrðingarnar hér til hægri sannar? Ræðið þær og hafið til hliðsjónar spurningarnar hér neðar. Er þetta rétt/rangt? Af hverju/af hverju ekki? Er það eins og þú vilt hafa það? Af hverju/af hverju ekki? Hverju er hægt að breyta til að bæta? Hverju er ekki hægt að breyta?	Fullorðnir flokka barnahóp í stráka og stelpur næstum ósjálfrátt! Það er ekki hægt að nota kynlaus skilaboð! Strákum og stelpum er hrósað fyrir svipaða þætti! Kennarar tengja viðfangsefni við kyn! Það er ekki hægt að skapa aðstæður þar sem kyn skiptir ekki máli! Annað kynið hefur svigrúm sem hitt hefur ekki! Hegðun er tengd kyni! Það er greinamunur á hegðun sem er strákum eðlileg og hegðun sem er stelpum eðlileg! Geta er tengd kyni! Það er greinamunur á getu/færni sem er strákum eðlileg og getu/færni sem er stelpum eðlileg! Stráka og stelpur fá öðruvísi athygli! Strákar og stelpur þroskast ekki eins!

Áætlun – Tröll og aðrar furðuskepnur

Aðferð: Að nota sögugerð sem grundvöll undir umræðu um jafnrétti. Áhersla á samþættingu grunnstoða, námsþátta og þroska
Markmið: Að börnin æfist í að tjá sig með fjölbreyttum hætti, að börnin geti sagt skoðun sína og fært fyrir þeim rök
Leiðir:

Kennslugögn – kveikjur	Sögugerð	Skapandi starf	Umræða
Bækur: Dynkur Hlunkur, Brian Pilkington Raunamæddur risi, Áslaug Jónsdóttir Bækurnar um litla skrímslið **Þjóðsögur:** Gilitrutt Gissur í botnum **Ljóð:** Ömur og fárán, Þórarinn Eldjárn Grýla og leppalúði, Þórarinn Eldjárn **Söngvar:** **Tónlist:** Grieg **Annað:**	Semja eigin tröllasögur Semja eigin tröllavísur Nota söguramma til að semja inn í, fyrst með þremur römmum: • Hverjir eru í sögunni? • Hvað gerist svo? einu sinni var... • Hvernig endar sagan? Síðan er bætt við fleiri römmum, þar sem sagt er frá fleiri atburðum 1. Um hvern er sagan? 2. Hvað gerist svo? Einu sinni var... 3. Hvern hitti hann/hún? 4. Hvað gerðu þau? 5. ... 6. Hvernig endar sagan? Þegar börnin hafa náð leikni í þessu er bætt við fleiri römmum inn á milli þar sem rætt er um tilfinningar • Hvernig leið henni/honum? • Hvað hugsaði hún/hann þá?	Myndskreyta sögur og vísur Mála sögusvið þess sem var lesið Mála eigin sögusvið • teikna með svörtum tússlit og vatnslita yfir • mála með þekjulitum • fingramála • mála eða teikna í tölvu/ipad Klippa út úr blöðum og líma á blað eða gera sitt eigið skuggaleikhús, t.d. á myndvarpa Byggja tröllahelli, úti og/eða inni Hanna og teikna sín eigin hús Byggja húsin úr kubbum, smíða þau eða leira. Persónur í sögunum má leira, smíða og teikna, jafnvel hanna á þau föt eða skapa fyrir þau húsgögn eða fylgihluti. Leika leikrit, gera búninga, semja samtöl Hlusta á tónlist, skapa eigin tónlist, Hljóðsetja sögurnar sínar	Kennari nýtir tækifærin sem gefast til að spyrja börnin gagnrýninna spurninga og hvetur þau til að segja sína skoðun • Hvað finnst þér? • Af hverju finnst þér það? • Eru allir sammála? • Í öðrum aðstæðum, hefðir þú þá aðra skoðun? Dæmisögur geta gefið aðra niðurstöðu en persónuleg umræða. Kennari er vakandi fyrir tækifærunum sem gefast til að ræða um jafnrétti. • Hvað er líkt – ólíkt? • Hvað er rétt – rangt? Umræða um jafnrétti er nátengd umræðu um virðingu, sanngirni, kurteisi, hugrekki/kjark, mikilvægi, Athugið að virk og málefnaleg þátttaka í umræðum er þjálfunaratriði. Byrja þarf á einföldum atriðum áður en farið er í flóknari og mikilvægt að byggja upp sjálfstraust barna til að segja hug sinn og taka þátt.

Áætlun –

Aðferð:

Markmið:

Leiðir:

Kennslugögn – kveikjur	Sögugerð	Skapandi starf	Umræða
Bækur: **Þjóðsögur:** **Ljóð:** **Söngvar:** **Tónlist:** **Annað:**		Hljóðsetja sögurnar sínar	

Sögurammar – að byggja upp sögu skref fyrir skref

1. Skref : Að nota söguramma til að semja inn í, fyrst með þremur römmum:
    a. Hverjir eru í sögunni?
    b. Hvað gerist svo? einu sinni var...
    c. Hvernig endar sagan?

2. Skref: Að bæta við fleiri römmum, þar sem sagt er frá fleiri atburðum
    a. Um hvern er sagan?
    b. Hvað gerist svo? Einu sinni var...
    c. Hvern hitti hann/hún?
    d. Hvað gerðu þau?
    e. ...
    f. Hvernig endar sagan?

3. Skref: Fleiri rammar. Þegar börnin hafa náð leikni í þessu er bætt við fleiri römmum inn á milli þar sem rætt er um tilfinningar, fleiri sjónarhorn, lýsingar, liti ofl.
    a. Hvernig leið henni/honum?
    b. Hvað hugsaði hún/hann þá

Sögurammar (má gjarnan stækka í A-3)

Mynd		
Texti		

Umræðutími

Er kyn það sem skiptir mestu máli?

Athugið að hér er efni í fleiri en eina umræðu og mælt er með að umræðu sé fylgt eftir í skapandi starfi og leik. Einnig þarf að taka umræðuna upp aftur um sama viðfangsefni til að leyfa börnum að melta efnið.

	Aðstæðurnar	**Umræðan**
1.	Kennari lítur yfir hópinn sinn og telur þau og bendir á hvert og eitt um leið Hver eru viðbrögðin?	Hér er ég með 1-2-3-4-5.. börn sem öll eru alveg eins Eru þið öll eins? Hvað er líkt, ólíkt Hvað skiptir máli og hvað ekki
2.	Er hægt að skapa aðstæður þar sem kyn skiptir minna máli?	Ef engin væri stelpa og engin væri strákur heldur væru þið öll börn, ekkert meira, hvað þá?
3.	Hvernig sjá börnin skólann sinn og starfið þar?	Er strákum og stelpum boðið upp á svipuð viðfangsefni í leikskólanum?
		Hvað er stelpulegt/fyrir stelpur í leikskólanum? Hvað er strákalegt/fyrir stráka í leikskólanum
4.	Hvernig sjá börnin kennara í samskiptum við stráka og stelpur?	Koma kennarar eins fram við stelpur og stráka?
		Er leikskólinn jafnt fyrir pabba og mömmur?
5.	Hvernig er draumaskólinn, séð frá kynjafræðilegu sjónarhorni	Hvernig viljið þið hafa leikskólann? Hvað á að vera í boði, hvað vantar? hvernig er leikskóli sem er bara fyrir stráka? Hvernig er leikskóli sem er bara fyrir stelpur?

Að vinna með sögu – dæmi um umræðuefni

(athugið að aðlaga efnið svo það henti yngri börnum)

Íhugið hvaða hugtök í sögunni þarf að útskýra og ræða Hvað gerðist í sögunni? (endursögn barna) Tengið reynsluheimi barnanna, s.s. mætti tengja Rauðhettu svona: Eigið þið föt sem þið viljið alltaf vera í?	Hvað eru söguhetjurnar gamlar? Af hverju gera þær það sem þær gera? Af hverju fara þar sem þær fara? Af h verju bregðast þær við eins og þær gera?
Hvernig er umhverfið í sögunni? Skoðið alla þætti sögunnar, þar sem hún hefst, þar sem tilteknir þættir gerast, þar sem hún endar.	Hvernig er sagan er frá sjónarhóli annarra í sögunni? (Út frá sér hverri aukapersónu) Hvernig upplifir hún/hann atburði? Af hverju bregst hún/hann svona við? Af hverju segir hann/hún það sem hún segir?
Þegar sagan byrjar, hvað er hver persóna að gera? Hugsa? Fara? Hvað gera þau, hvert og eitt í lokin? Hvernig líður þeim, hverju og einu í lokin? Hvernig leið þeim á tilteknum augnablikum í sögunni?hér á við að skoða hverja sögupersónu fyrir sig.	Íhugið hlutverkin, hvað gera kvenpersónur í sögunni? mamma, stelpa, amma, aðrir? Hvað gera karlpersónur í sögunni? Hvað gera aðrir sem ekki er tilgreint af hvaða kyni eru? Dýr, fólk með hlutverk (athugið að titill þýðir ekki að viðkomandi sé endilega kk eða kvk. Og börn hafa mótaðar hugmyndir um hvers kyns dýr eru án þess að það sé sagt.
Dygðir, hvað er gott og rétt eða slæmt og rangt í sögunni?	Er það sem lítur út fyrir að vera gott/vont endilega dæmi um góðmennsku/vonsku?
Vantar sögupersónur? er ekki talað um báða foreldra, bæði afa og ömmu osfrv. Eru hugsanlega um tvær mömmur, tvo pabba, tvær ömmur, tvo afa að ræða? eða einstæða foreldra, afa/ömmu? Gæti sérhver söguhetja verið af gagnstæðu kyni? Breytti það einhverju, hverju?	Hér erum við komin nálægt jafnréttisumræðunni, hvað gerir stelpa/strákur, hvað gerir mamma/pabbi, hvað gerir amma/afi, fólk í ákveðnum stöðum, með ákveðin hlutverk
Skráið lykilhugtök og fjallið um þau Skráið lykilatvik og fjallið um þau	Í hverju er hver og einn góður og af hverju?
Svo getur vel verið að börn sjái í gegnum söguna og spyrji erfiðra spurninga sem þá má endilega ræða því kennarinn á ekki að hafa svörin ☺ En þetta eru sem sé spurningar sem börnin gætu spurt en ættu annars ekki að	Hvaða vanda lendir þú í ef þú setur söguna í raunveruleikann? Hvað getur gerst og hvað ekki? Hvaða erfiðu spurningum þarf þá að svara? Af hverju skipti tiltekin atriði máli? (Geta dýr talað, klætt sig ...) Boðskapur sögu getur oft verið margvíslegur, horfðu á

vera til umræðu þar sem ævintýrið er ekki í greiningu heldur er ætlunin að nota það til gagns og gamans	bak við fleiri persónur og finndu kjarnann
Sögu má svo útfæra í skapandi starfi, teikna, mála, leira, smíða ... Semja má vísur, sögur eða tónlist, hljóðsetja ofl.	Persónur, bæði menn og dýr, og umhverfi má skoða með vefleit, fræðslubókum ofl. skoða hlutverk, aðstæður... Skoða má embætti ofl.

Samræðuhringir – æfingar fyrir kennara

Samræðuhringir eru tilraunir kennara til að dýpka leik barna, fá þau til að tala meira, tjá sig.

Kennari grípur það sem er að gerast, heldur umræðunni lifandi með réttum viðbrögðum

Þetta er tækni sem þarf að æfa. Spírall sem getur haldið áfram einn hring eða fleiri.



Umhugsunarefni fyrir kennara

(bættu atriðum á listann eftir þörfum)

Börnin:

- Tala ég eins við stelpur og stráka?
- Hvet ég stráka og stelpur með sömu aðferðum?
- Býð ég stelpum og strákum sömu leikföng, sömu verkefni?
- Aga ég stráka og stelpur með sömu aðferðum?
- Fá stelpur og strákar jafn mikla jákvæða athygli?
- Fá strákar og stelpur jafn mikla neikvæða athygli?
- Sýni ég stelpum og strákum jafn mikla þolinmæði?
- Hrósa ég strákum og stelpum fyrir sömu atriði?
- Býð ég stelpum og strákum sömu tækifæri?
-

Foreldrar:

- Tala ég eins við feður og mæður?
- Tala ég um sömu málefni við feður og mæður?
- Leita ég eins til beggja foreldra?
- Hafa mæður og feður sömu möguleika á að koma sínu til skila?
- Geri ég meiri eða minni kröfur til foreldra eftir kyni og eftir því hvaða viðfangsefni um ræðir?
- Er foreldrasamstarfið samstarf við bæði feður og mæður, jafnt?

Til umhugsunar fyrir kennara

Hér fylgja nokkur verkefni sem má ræða á kennarafundum, deildarfundum eða með jafningja. Gefið ykkur tíma til að ræða hvern lið vel og ítarlega og takið málið upp aftur síðar.

Eru fullyrðingarnar hér til hægri sannar? Ræðið þær og hafið til hliðsjónar spurningarnar hér neðar. Er þetta rétt/rangt? Af hverju/af hverju ekki? Er það eins og þú vilt hafa það? Af hverju/af hverju ekki? Hverju er hægt að breyta til að bæta? Hverju er ekki hægt að breyta?	Fullorðnir flokka barnahóp í stráka og stelpur næstum ósjálfrátt! Það er ekki hægt að nota kynlaus skilaboð! Strákum og stelpum er hrósað fyrir svipaða þætti! Kennarar tengja viðfangsefni við kyn! Það er ekki hægt að skapa aðstæður þar sem kyn skiptir ekki máli! Annað kynið hefur svigrúm sem hitt hefur ekki! Hegðun er tengd kyni! Það er greinamunur á hegðun sem er strákum eðlileg og hegðun sem er stelpum eðlileg! Geta er tengd kyni! Það er greinamunur á getu/færni sem er strákum eðlileg og getu/færni sem er stelpum eðlileg! Stráka og stelpur fá öðruvísi athygli! Strákar og stelpur þroskast ekki eins!

Minnissnepill með Búkollu

Þetta má prenta út og plasta og setja upp úti og inni þegar farið er að stað með söguna

Hlutverk starfsmanna

- Segja söguna, oft ☺ og minna á hana
- Gefa börnum tækifæri til að teikna söguna
- Gefa börnum tækifæri til að leika söguna
- Gefa börnum tækifæri til að föndra og skapa í tengslum við söguna
- Hugtakakort, að safna orðum sem tengjast sögunni og fræðast svo um þau ef vill
- Setja söguna upp úti og inni
- Finna búninga sem má nota til að leika söguna, úti og inni

2. Fyrir foreldra

Í þessum hluta eru verkefni sem nota má til að ræða á foreldrafundum eða við önnur sambærileg tækifæri. Foreldrum er ætlað að ræða saman í smærri hópum um afamarkaða þætti. Verkefnin henta einnig kennurum þó áherslan sé hér á uppeldi fremur en menntun.

Athygli er vakin á að verkefnin urðu til sem áfangar á leið í þróunarverkefninu, þau eru fyrstu skref og sem slík afmörkuð og einföld út frá þeim viðmiðum sem sett voru fyrir Ævintýralegt jafnrétti og henta ekki sjálfkrafa annars staðar.

Umræðuverkefnum fylgir línustrikað blað til að skrá á niðurstöður, hægt er að prenta verkefnin út þannig að línurnar lendi aftan á umærðublaðinu. Einnig er hægt að sleppa að prenta línustrikuðu blöðin út.

Verkefnin má prenta út og nota að vild, aðlaga það, breyta og bæta en athygli er vakin á að myndir eru barns síns tíma og verða fljótt úreldar. Því gæti hentað að taka sínar eigin og uppfæra umræðuefnin.

Skilaboð um kurteisi

- Hann er bara skotinn í þér...
- Kysstu manninn/konuna bless...
- Meiddi hann/hún þig/stríddi hann/hún þér, hvað gerðir þú fyrst?

Funduð þið fleiri dæmi?

-
-
-
-

Umræðuefni:

Hvaða skilaboð eru gefin?
Geta þau verið jákvæð?
Geta þau verið neikvæð?
Þarf að breyta einhverju?
Hverju?
Hvernig?

Niðurstöður:

Skilaboð um hrós

Er munur á því að hrósa útliti eða hrósa verkum/hæfileikum? Mikið ertu í fallegri peysu, falleg hárgreiðsla... Mikið ertu dugleg/duglegur, þú ert klár...

Umræðuefni:

Hvaða skilaboð eru gefin?

Geta þau verið jákvæð?

Geta þau verið neikvæð?

Þarf að breyta einhverju?

Hverju?

Hvernig?

Dæmi um gott hrós	Dæmi um slæmt hrós

Niðurstöður:

Skilaboð um stelpur og stráka

Meðfylgjandi (síða 3) eru dæmi af heimasíðu fyrirtækis, slík dæmi eru fjölmörg og þetta valið af handahófi. Í verslunum er gjarnan spurt, er það fyrir strák eða stelpu? Bæklingar fyrirtækja geta verið í sama anda og uppröðun í verslunum einnig. Barnabækur og verkefnabækur eru skrifaðar ólíkt fyrir stráka og stelpur og bleikt og blátt eru ríkjandi litir, sérstaklega fyrir yngri börn.

Umræðuefni:

Hvaða skilaboð eru gefin?

Geta þau verið jákvæð?

Geta þau verið neikvæð?

Þarf að breyta einhverju?

Hverju?

Hvernig?

Niðurstöður:

Klippa af heimasíðu hjólreiðarverslunar:

Ljósmyndir af forsíðum tveggja verkefnabóka fyrir börn og tveggja síðna úr sömu bókum:



Skilaboð um leikföng

Umræðuefni:

Hvað breyttist?

Hversvegna gerðist það?

Hvaða skilaboð eru gefin?

Geta þau verið jákvæð?

Geta þau verið neikvæð?

Þarf að breyta einhverju?

Hverju?

Hvernig?

Niðurstöður:

Skilaboð um prinsessur og dreka

Stelpan sér prinsessu í speglinum... Demantshringur fyrir ljúfu stelpuna...	Drengurinn sér dreka í speglinum... Sög fyrir upptekinn ungan mann...

Umræðuefni:

Hvaða skilaboð eru gefin?

Geta þau verið jákvæð?

Geta þau verið neikvæð?

Þarf að breyta einhverju?

Hverju? Hvernig?

Niðurstöður:

Skilaboð um áhugamál

Leikföng eru stundum framleidd í pörum, eitt fyrir stelpur, annað fyrir stráka. Hér er dæmi um slíkt. Skoðið verð og framsetningu

Umræðuefni:

Hvaða skilaboð eru gefin?

Geta þau verið jákvæð?

Geta þau verið neikvæð?

Þarf að breyta einhverju?

Hverju? Hvernig?

Niðurstöður:

Skilaboð um hæfileika

Þegar leikföng eru markaðsset eftir kyni getur verið munur á virkni, möguleikum og fleiru.

Bleika smásjáin hefur minnstu stækkunina en sú svarta mesta.
Bleiki sjónaukinn er verri (og ódýrari).
Úr breska bæklingi ToysRus 2010

Umræðuefni:

Hvaða skilaboð eru gefin?

Geta þau verið jákvæð?

Geta þau verið neikvæð?

Þarf að breyta einhverju?

Hverju? Hvernig?

Niðurstöður:

Skilaboð kynhlutverk

Umræðuefni:

Hvaða skilaboð eru gefin?

Geta þau verið jákvæð?

Geta þau verið neikvæð?

Þarf að breyta einhverju?

Hverju?

Hvernig?

Kynjaskipting í markaðssetningu gerir oft mikinn greinamun á viðfangsefnum sem strákum og stelpum er ætluð

Niðurstöður:

Skilaboð um kynhlutverk

Kynjaskipting í markaðssetningu gerir oft mikinn greinamun á viðfangsefnum sem strákum og stelpum er ætluð

Umræðuefni:

Hvaða skilaboð eru gefin?

Geta þau verið jákvæð?

Geta þau verið neikvæð?

Þarf að breyta einhverju?

Hverju?

Hvernig?

Niðurstöður:

Skilaboð um smekk

Gotterí sem fyrir pæjur og polla, skoðið mun á innihaldi og lýsingu

Umræðuefni:

Hvaða skilaboð eru gefin?

Geta þau verið jákvæð?

Geta þau verið neikvæð?

Þarf að breyta einhverju?

Hverju?

Hvernig?

Niðurstöður:

3. Verkefni fyrir börn

Í þessum hluta eru verkefni og umræðuefni að verkefnum til að nota með börnum.

Einn megin lærdómur sem dreginn var af verkefninu Ævintýralegt jafnrétti er að vinna með jafnrétti þarf að vera markviss og stöðug.

Í þessum verkefnapakka er nokkuð áberandi áhersla á lækna og nokkur verkefni tengjast því. Ástæðan tengist barnahópnum sem vann að verkefninu og ástæða þykir að benda kennurum á að eðlilegt er að vinna með fleiri starfsheiti og fjölbreyttari.

Athygli er vakin á að verkefnin urðu til sem áfangar á leið í þróunarverkefninu, þau eru fyrstu skref og sem slík afmörkuð og einföld út frá þeim viðmiðum sem sett voru fyrir Ævintýralegt jafnrétti og henta ekki sjálfkrafa annars staðar.

Ljósmyndir úr leikfangaverslunum og dægurumhverfi barna eru börn síns tíma og úreldast fljótt. Mikilvægt er að leyfa fyrirtækjum að njóta vafans og athuga hvort upplýsingar á myndum eru enn réttmætar. Best er að taka eigin myndir og nota umhverfi barnanna hverju sinni sem grunn að umræðum.

Aftast eru myndir úr klippimyndasöfnum og eru þær réttindavarið efni þó þær séu birtar með leyfi til að nota í afmörkuðu samhengi, þær eru sýndar hér sem sýnishorn. Athugið að gæta að dreifingu slíkra mynda, sérstaklega ljósmyndanna aftast sem eru fundnar með leit á google (t.d. pink trunk, osfrv.). Slíkar myndir er auðvelt að finna sjálfur og sýna börnum beint af vef.

Kennurum er frjálst að nota efnið að vild, aðlaga það, breyta og bæta að vild.

Umræðuefni – Ýmsar hugmyndir

Hér eru gefnar nokkrar hugmyndir að umræðuefnum. Gætið þess þó að þær eru fyrir kennarann að hafa í huga, hann má ekki gefa sér að það sé slagsíða eða munur, að börnin hafi ákveðnar skoðanir eða sjái mun sem kennara finnst að sé til staðar. Athugið einnig að búa ekki til mun með umræðum eða staðhæfingum. Opin umræða um möguleika og takmarkanir út frá því sem barn hefur um sig sjálft er hentug leið.

Umræðuefnin sem hér eru nefnd er einnig vel hægt að nýta sér í umræðum kennara á milli.

Hetjur og barnaefnið

Hvað er að vera hetja? Hver getur verið hetja?
Hver bjargar? hverjum þarf að bjarga?
Hvernig eru stelpur í sjónvarpinu hvað geta þær/geta þær ekki, af hverju
Hvernig eru strákar í sjónvarpinu hvað geta þeir/geta þeir ekki, af hverju
Finnst stelpum og strákum sama barnaefni skemmtilegt?
Hver er uppáhald persónan ykkar í sjónvarpinu/tölvunni/bók?
Hver er uppáhalds ofurhetjan ykkar? Ef fáar stelpur eru nefndar má spyrja: af hverju það sé?
Hvernig eru ofurhetjur? Hvað geta þær, hvað gera þær, hvað finnst þeim skemmtilegt
Eru stelpur ofurhetjur?

Leikskólinn:

Er munur á því hvað konurnar gera í leikskóla og hvað karlarnir gera?
Hvað gerir kona í leikskóla hvað gerir karl í leikskóla?
hvað í leikskólanum passar fyrir stráka hvað í leikskólanum passar fyrir stelpur
hvort er betra að vera strákur eða stelpa í leikskólanum?
Svo má ræða um leikföngin, viðfangsefnin úti og inni,

Leikir stráka og stelpna, leikfélagar

Leika strákar og stelpur eins leiki? Hver er þá munurinn? af hverju?
Hvað gera strákar þegar þeir leika sér saman?
Hvað gera stelpur þegar þær leika sér saman?
Hvað gerið þið þegar stelpur og strákar leika saman?
Átt þú stelpu/strák að vini (vinir af gagnstæðu kyni)
Geta fjögurra ára strákar verið vinir stelpna? Geta fjögurra ára stelpur verið vinir stráka?
Geta stórir strákar átt stelpur að vini? Geta stórar stelpur átt stráka að vini?
Geta karlar átt konur að vini? Geta konur átt karla að vini?
Er eitthvað sem stelpur eru betri í en strákar?
Er eitthvað sem strákar eru betri í en stelpur? í hverju eru allir jafngóðir?

Stelpur og strákar, einkenni, föt, litir, viðfangsefni

Hvað er það besta við stelpur? Hvað er það besta við stráka?
Er munur á fötum stráka og stelpna? Þá hver? Skiptir það einhverju máli?
hvernig eru stelpur? hvernig eru strákar?
hvað gera stelpur? hvað gera strákar?
hvað geta stelpur? hvað geta strákar?
hvað eru stelpur góðar í? hvað eru strákar góðir í?

hvað finnst stelpum skemmtilegast að gera?
hvað finnst strákum skemmtilegast að gera?

Eiga stelpur og strákar sömu uppáhaldsliti?
Finnst stelpum og strákum sami matur bestur?

hvað er hægt að gera við bláan lit? bleikan, grænan,gulan?
(má minnka einfalda litanotkun?) Þarf hugrekki til? Hvernig kvk/kk notar ákv. liti
Hversvegna eru stelpur oft í bleiku? Hversvegna eru strákar sjaldan í bleiku?
Hversvegna eru strákar oft í bláu? Hversvegna eru stelpur sjaldan í bláu?

Karlar og konur

Hér er lítið barn (sýnið mynd), það þarf að skipta um bleyju hver gerir það?
barnið langar að skemmta sér, hver kemur og leikur við það?
hver huggar, hver svæfir. gefur að borða?

Hvað gera pabbar? Í vinnunni/heima
Í hverju eru pabbar bestir? En afar? En bræður? en strákar?

Hvað gera mömmur? Í vinnunni/heima
í hverju eru mömmur bestar? En ömmur? En systur? En stelpur

Hver skúrar, þurrkar af, vaskar upp, þvær þvott?
Hver er góður í að, þrífa bíl, smíða, bora, bera þunga hluti?
Hver er góður í að vera læknir, lögregla, fljúga flugvèl, vera flugþjónn, kennari,...

Umræðuefni – skiptir kyn máli?

Er kyn það sem skiptir mestu máli? Athugið að hér er efni í fleiri en eina umræðu og mælt er með að umræðum sé fylgt eftir í skapandi starfi og leik. Einnig þarf að taka umræðuna upp aftur um sama viðfangsefni til að leyfa börnum að melta efnið.

	Aðstæðurnar	**Umræðan**
1.	Kennari lítur yfir hópinn sinn og telur þau og bendir á hvert og eitt um leið Hver eru viðbrögðin?	Hér er ég með 1-2-3-4-5.. börn sem öll eru alveg eins Eru þið öll eins? Hvað er líkt, ólíkt Hvað skiptir máli og hvað ekki
2.	Er hægt að skapa aðstæður þar sem kyn skiptir minna máli?	Ef engin væri stelpa og engin væri strákur heldur væru þið öll börn, ekkert meira, hvað þá?
3.	Hvernig sjá börnin skólann sinn og starfið þar?	Er strákum og stelpum boðið upp á svipuð viðfangsefni í leikskólanum?
		Hvað er stelpulegt/fyrir stelpur í leikskólanum? Hvað er strákalegt/fyrir stráka í leikskólanum
4.	Hvernig sjá börnin kennara í samskiptum við stráka og stelpur?	Koma kennarar eins fram við stelpur og stráka?
		Er leikskólinn jafnt fyrir pabba og mömmur?
5.	Hvernig er draumaskólinn, séð frá kynjafræðilegu sjónarhorni	Hvernig viljið þið hafa leikskólann? Hvað á að vera í boði, hvað vantar? hvernig er leikskóli sem er bara fyrir stráka? Hvernig er leikskóli sem er bara fyrir stelpur?

Latibær í öðru ljósi

(Héðinn Ólafsson vann myndina í tengslum við verkefnið Ævintýralegt jafnréti)

Bangsar

(Toys are us í janúar 2013, ljósmynd AY)

Umræðuefni:	**Viðfangsefni**
Er gaman að leika með bangsa/mjúkdýr? Hvernig er leikið með bangsa/mjúkdýr ? Hvað þarf til að vera góður í að leika með bangsa/mjúkdýr Eru bangsar/mjúkdýr fyrir stráka? Eru bangsar/mjúkdýr fyrir stelpur? Hver hefur áhuga á að leika með bangsa/mjúkdýr? Hver á bangsa/mjúkdýr? Skoðum myndina: Hvar eru stelpurnar? Hvar eru strákarnir? Af hverju eru bara stelpur á myndinni? Geta bara strákar leikið með bangsa/mjúkdýr? Geta bara stelpur leikið með bangsa/mjúkdýr? Hvað ef bangsar/mjúkdýr væru bara fyrir stráka? Af hverju er auglýst að bangsar/mjúkdýr séu bara ætluð stelpum? Er það sanngjarnt? Af hverju ekki?	Teikna • Stráka/stelpur að leika með bangsa/mjúkdýr • Uppáhalds bangsar/mjúkdýr Fara í leik með bangsa/mjúkdýr saman (kvk og kk) Lesa bækur og syngja söngva um bangsa/mjúkdýr • Bangsi lúrir • Skapandi starf • Búa til bangsa/mjúkdýr

(Athugið að myndina má afrita út fyrir ramman og stækka hana svo hún sé á sér blaði)

Bílabraut

(Toys are us í janúar 2013, ljósmynd AY)

Umræðuefni:	**Viðfangsefni**
Er gaman í bílaleik? Hvernig er bílaleikur? Hvað þarf til að vera góður í bílaleik? Er bílaleikur fyrir stelpur? Er bílaleikur fyrir stráka? Skoðum myndirnar á leikfanginu Hvar eru stelpurnar? Hvar eru strákarnir? Af hverju eru bara strákar á myndunum? Geta bara strákar leikið með bíla? Geta bara stelpur leikið með bíla? Hvað ef bílar væru bara fyrir stelpur? Hvað þarf til að vera góður í bílaleik? Af hverju er selt bíladót sem er bara ætlað strákum? Er það sanngjarnt? af hverju ekki?	Teikna • Stelpubíla og strákabíla • Fara í bílaleik saman (kvk og kk) Útbúa úr kubbum umhverfi fyrir bíla Lesa bækur og syngja söngva um bíla • Við setjum svissinn á • Hjólin í strætó • Bílarnir keyra yfir brúna • Skapandi starf • Búa til bíla fyrir stráka og stelpur • Búa saman til bílateppi • Búa til bílabrautir saman (kk og kvk) •

(Athugið að myndina má afrita út fyrir ramman og stækka hana svo hún sé á sér blaði)

Byggingaleikir

(Toys are us í janúar 2013, ljósmynd AY)

Umræðuefni:	**Viðfangsefni**
Er gaman í byggingaleik? Hvernig er byggingaleikur? Hvað þarf til að vera góður í byggingaleik? Er byggingaleikur fyrir stelpur? Er byggingaleikur fyrir stráka? Skoðum myndirnar á leikfanginu Hvar eru stelpurnar? Hvar eru strákarnir? Af hverju eru bara strákar á myndunum? Geta bara strákar byggt? Geta bara stelpur byggt? Hvað ef byggingaleikur væru bara fyrir stelpur? Eru stelpur lélegar í byggingaleik? Eru strákar lélegir í byggingaleik? Af hverju er selt byggingadót sem er bara ætlað strákum? Er það sanngjarnt, af hverju ekki?	Teikna • Byggingar fyrir stelpur og stráka • Byggjum saman (kvk og kk) úti og inni Lesa bækur og syngja söngva um byggingar • Skapandi starf • Búa til hús og hallir, byggja kofa og bæi • Leira hluti og hús

(Athugið að myndina má afrita út fyrir ramman og stækka hana svo hún sé á sér blaði)

Dúkkuhús

(Toys are us í janúar 2013, ljósmynd AY)

Umræðuefni:	**Viðfangsefni**
Er gaman að leika með dúkkuhús? Hvernig er leikur með dúkkuhús? Hvað þarf til að vera góður í að leika með dúkkuhús? Eru svona hús fyrir stráka? Eru svona hús fyrir stelpur? Skoðum myndirnar á leikfanginu Hvar eru strákarnir? Hvar eru stelpurnar? Af hverju eru bara stelpur á myndunum? Geta bara stelpur leikið með dúkkuhús? Geta bara strákar leikið með dúkkuhús? Hvað ef dúkkuhús væru bara fyrir stráka? Hverjir eiga heima í húsum? Af hverju er selt hús sem er bara ætlað stelpum?	Teikna • Stráka/stelpur að leika í húsi • Stelpu/stráka dúkkuhús • Fara í heimilisleiki saman (kvk og kk) Útbúa úr kubbum umhverfi fyrir heimili Lesa bækur og syngja söngva um heimilið • Hún er amma mín (Barnalög Friðrik Ómar og Jogvan Hansen) • Skapandi starf • Búa til dúkkuhús/heimili • Skapa heimili saman (kk og kvk) •

(Athugið að myndina má afrita út fyrir ramman og stækka hana svo hún sé á sér blaði)

Dúkkur

(Toys are us í janúar 2013, ljósmynd AY)

Umræðuefni:	**Viðfangsefni**
Er gaman í dúkkuleik? Hvernig er dúkkuleikur? Hvað þarf til að vera góður í dúkkuleik? Er dúkkuleikur fyrir stráka? Er dúkkuleikur fyrir stelpur? Skoðum myndirnar á leikfanginu Hvar eru stelpurnar? Hvar eru strákarnir? Af hverju eru bara stelpur á myndunum? Geta bara strákar leikið með dúkku? Geta bara stelpur leikið með dúkku? Hvað ef dúkku væru bara fyrir stráka? Hvað þarf til að vera góður í dúkkuleik? Af hverju er selt dúkkudót sem er bara ætlað stelpum? Er það sanngjarnt? Af hverju ekki?	Teikna • Stráka/stelpur að leika með dúkkur • Stelpu/stráka dúkkur • Fara í dúkkuleik saman (kvk og kk) Útbúa úr kubbum umhverfi fyrir dúkkur Lesa bækur og syngja söngva um dúkkur/börn • Dúkkan hennar Dóru • Skapandi starf • Búa til dúkkur fyrir stráka og stelpur • Skapa heimili saman (kk og kvk) •

(Athugið að myndina má afrita út fyrir ramman og stækka hana svo hún sé á sér blaði)

Gotterí

(selt í Nettó og fl. 2013, ljósmynd AY)

Umræðuefni:	**Umræða um liti**
Finnst ykkur nammi/sælgæti gott? Hver borðar sælgæti? Skoðum myndina, fyrir hverja er þetta nammi? Er þetta stelpunammi og strákanammi? Er hægt að hafa stráka/stelpunammi? Af hverju? Er það sanngjarnt? Er það satt? Af hverju er selt sælgæti sem er bara fyrir stráka? Af hverju er selt sælgæti sem er bara fyrir stelpur? Er það sanngjarnt? af hverju ekki?	Bleikt og blátt eru gjarnan notað til að aðgreina hluti handa strákum/stelpum. Af hverju? hve sanngjarnt er það? Til hvers? Eru strákar og stelpur ólík? Hvernig? Hvernig ekki? Má einhver eiga lit (og þá geta aðrir ekki notað hann) Notið dæmi um flokkun sem lykil að smekk eða áhuga; Allir sem byrja á A, G, R og S, Allir sem eru orðnir 4. ára Allir sem eru í grænu í dag ...Mega borða (notið dæmi sem eru í boði í leikskólanum í dag, t.d. ávextina eða aðalréttinn. Mega leika með vinsælt dót Mega vera inni/úti osfrv. Hve sanngjarnt eða skynsamlegt er það?

(Athugið að myndina má afrita út fyrir ramman og stækka hana svo hún sé á sér blaði)

LEGO - afmæli

(Toys are us í janúar 2013, ljósmynd AY)

Umræðuefni:	**Viðfangsefni**
Er gaman að leika með LEGO? Hvernig er LEGO leikur Hvað þarf til að vera góður í LEGO? Er LEGO fyrir stelpur? Er LEGO fyrir stráka?	Teikna • Afmælistertur • Baka og skreyta • Undirbúa saman hátíð
Skoðum myndirnar á leikfanginu, hvað er að gerast? Hvar eru stelpurnar? Hvar eru strákarnir? Af hverju eru bara stelpur á myndinni? Eiga strákar afmæli? Eiga stelpur afmæli? Undirbúa bara stelpur afmæli? Er það sanngjarnt? Er það satt?	Fara í LEGO saman, strákar og stelpur Leika saman í hlutverkaleik, strákar og slelpur Athugið að í LEGO eru kynhlutverk oft skipt s.s. konur í afgreiðslu og umönnun og karla á farartækjum
Geta bara strákar leikið með LEGO? Geta bara stelpur leikið með LEGO? Hvað ef LEGO væru bara fyrir stelpur? Af hverju er selt LEGO sem er bara með kvenpersónum? Er það sanngjarnt? af hverju ekki?	Athugið að í LEGO friends eru bara stelpupersónur. Athugið að margir LEGO kassar hafa bara karlpersónur

(Athugið að myndina má afrita út fyrir ramman og stækka hana svo hún sé á sér blaði)

LEGO – löggur og bófar

(Toys are us í janúar 2013, ljósmynd AY)

Umræðuefni:	**Viðfangsefni**
Er gaman að leika með LEGO? Hvernig er LEGO leikur Hvað þarf til að vera góður í LEGO? Er LEGO fyrir stelpur? Er LEGO fyrir stráka?	Teikna • Stráka og stelpulögreglu • Teikna lögreglu við hin ýmsu störf • Teikna sanngjarnara útlit fyrir þetta LEGO
Skoðum myndirnar á leikfanginu Hvar eru stelpurnar? Hvar eru strákarnir? Af hverju eru bara karlar á myndunum? Geta karlar/strákar bara orðið lögregla?	Fara í LEGO saman, strákar og stelpur
Geta karlar/strákar bara orðið bófar/ræningjar?	Athugið að í LEGO friends eru bara stelpupersónur og því gott mótvægi við þetta spjald.
Geta bara strákar leikið með LEGO? Geta bara stelpur leikið með LEGO? Hvað ef LEGO væru bara fyrir stelpur? Af hverju er selt LEGO sem er bara með karlpersónum? Er það sanngjarnt? af hverju ekki?	Athugið að í LEGO eru kynhlutverk oft skipt s.s. konur í afgreiðslu og umönnun og karla á farartækjum

Þar sem orðin lögga/lögregla og bófi eru karlkyns er það notað í stað „hann“ sem getur verið nokkuð leiðandi

(Athugið að myndina má afrita út fyrir ramman og stækka hana svo hún sé á sér blaði)

Leikfangabyssur

(Toys are us í janúar 2013, ljósmynd AY)

Umræðuefni:	**Viðfangsefni**
Umræðan hér getur verið um vatnsbyssur, hún getur verið um byssur til að nota í veiði en ræða má hverju skjóta þessar byssur og er það ætlað til að meiða osfrv. Hér eru myndir af leikföngum, haldið þið að þetta sé skemmtilegur leikur? Um hvað snýst hann? Hverjir geta leikið þennan leik? Skoðum myndirnar á leikfanginu Hvar eru stelpurnar? Hvar eru strákarnir? Af hverju eru bara strákar á myndunum? Til hvers eru byssur notaðar á Íslandi? (veiði) Geta bara strákar veitt? Geta bara stelpur veitt? Hvað ef veiði væri bara fyrir stelpur? Hvað þarf til að vera góður í að veiða? Af hverju er selt (byssu)dót sem er bara ætlað strákum? Er það sanngjarnt?	Teikna • Veiðimenn af ýmsu taki • Fara í veiðiferð saman (flugur) Lesa bækur og syngja söngva um dýr s.s. endur, gæsir, hreindýr, fiska og annað sem er veitt í íslenskri náttúru. • • • Skapandi starf • Búa til dýr • • •

(Athugið að myndina má afrita út fyrir ramman og stækka hana svo hún sé á sér blaði)

Læknir

(Þetta eru leikföng sem fengust í Nettó í janúar 2013, ljósmynd AY)

Umræðuefni	Viðfangsefni
Hvað gera læknar? Hverir eru læknar? (Eru karlar læknar? Eru konur læknar?) Hvað þarf að geta til að verða læknir? (dæmi um svör: fætur, hendur, augu, lærdóm?) • Hvað gerir læknir í vinnunni? • Hverja læknar læknir? • Hvernig sár býr læknir um? Hver stjórnar á sjúkrahúsinu? • hver getur það? hvað þarf til þess að geta það? Skoðum myndirnar af börnunum Hvar eru stelpurnar? Hvar eru strákarnir? Af hverju eru bara stelpur á myndunum? Hvert getur orðið læknir? Hvað þarf til að vera góður læknir? Af hverju er selt læknadót sem er bara ætlað stelpum? Er það sanngjarnt? (af hverju ekki?)	Teikna • Kvenlækni • Karllækni • Lækni að lækna lítið barn • Lækni að lækna gamalt fólk Fara í læknisleik (finna til læknisdót) Lesa • Rauðhetta • Sigrún fer á sjúkrahús • Það á að lækna mig sagði Ponsi litli • Emma fer til læknis • Syngja • Dúkkan hennar Dóru var með sótt Skapandi starf •

Púsluspil

(Toys are us í janúar 2013, ljósmynd AY)

Umræðuefni:	**Viðfangsefni**
Er gaman að púsla? Hvernig púsluspil eru skemmtilegust? Hvernig púsluspil eru erfiðust Hverjir púsla oftast? Hvað þarf til að vera góður í að púsla? Eru púsl fyrir stráka? Eru púsl fyrir stelpur? Skoðum myndirnar á auglýsingunni Hvar eru strákarnir? Hvar eru stelpurnar? Af hverju eru bara stelpur á myndinni? Geta bara stelpur púslað? Geta bara strákar púslað? Hvað ef púsl væru bara fyrir stráka? Hvað ef púsl væru bara fyrir stelpur? Af hverju er auglýsingin eins og púsluspil séu bara ætlað stelpum?	Búa til sín eigin púsl, púsl fyrir stráka og stelpur • Með því að teikna á blað og klippa út • Með því að taka ljósmynd (plasta) og klippa út • Með því að mála á þunnan við og saga út Skoða púslin í leikskólanum og athuga hvort þau gefa skilaboð til stráka/stelpna Púsla saman, strákar og stelpur

(Athugið að myndina má afrita út fyrir ramman og stækka hana svo hún sé á sér blaði)

Risaeðlur

(Toys are us í janúar 2013, ljósmynd AY)

Umræðuefni:	**Viðfangsefni**
Er gaman að leika með risaeðlur? Hvernig leikur er risaeðluleikur? Hvað þarf til að vera góður í risaeðluleik? Er risaeðluleikur fyrir stelpur? Er risaeðluleikur fyrir stráka? Skoðum myndirnar á leikfanginu Hvar eru stelpurnar? Hvar eru strákarnir? Af hverju eru bara strákar á myndinni? Geta bara strákar leikið með risaeðlur? Geta bara stelpur leikið með risaeðlur? Hvað ef risaeðlur væru bara fyrir stelpur? Hvað þarf til að vera góður í risaeðluleik? Af hverju er selt risaeðludót sem er bara ætlað strákum?	Teikna • Risaeðlur • Stelpurisaeðla/strákarisaeðla Fara í risaeðluleik saman (kvk og kk) Útbúa úr kubbum umhverfi fyrir risaeðlur Leika risaeðluleik úti (byggja úr snjó) Lesa bækur og syngja söngva um risaeðlur • Skapandi starf • Búa til risaeðlur í leir eða smíðum • Mála risaeðlur •

(Athugið að myndina má afrita út fyrir ramman og stækka hana svo hún sé á sér blaði)

Speglar

(selt í Lín design. 2013, ljósmynd AY)

Umræðuefni:	**Umræða um eiginleika, áhugamál**
Hver speglar sig? hvenær? Af hverju? Skoðum myndina (lesið áletranir fyrir börnin) Prinsessa, hvernig er prinsessa? Hvað er verið að segja um stelpur? Dreki, hvernig er dreki, hvað er verið að segja um stráka? Geta stelpur þá ekki verið drekar? Geta strákar þá ekki verið prinsessur Geta strákar þá ekki notað bleika spegilinn? Af hverju eru búnir til stráka speglar? Af hverju eru búnir til stelpu speglar? Er það sanngjarnt? Er það satt?	Eiginleikar eru stundum ætlaðir öðru kyninu umfram hitt. Hér má ræða margt Þannig má lesa út úr þessari aðgreiningu mun á kynjum Pjatt, dútl, hjálparleysi, áhugi á að vera snyrtilegur/fínn. Fyrirferð, hávaði, hætta, áhugi á að hasar, hreyfingu. Athugið að hér er halli, stelpur hafa í raun svigrúm til að nota báða en strákarnir síður. Hér á vel við að syngja lagið Hún er amma mín (Barnalög Friðriks og Jogvan)

(Athugið að myndina má afrita út fyrir ramman og stækka hana svo hún sé á sér blaði)

Riddari

(Toys are us í janúar 2013, ljósmynd AY)	**Umræðuefni:**	**Viðfangsefni**
	Hvað gera riddarar? Hverjir eru riddarar? Eru karlar riddarar? Eru konur riddarar? Hvað þarf riddari að hafa/eiga/geta? Er munur á hvað kvenriddari og karlriddari gerir? Er gaman að leika riddara? Hvernig er riddaraleikur? Er riddaraleikur fyrir stelpur? Er riddarar leikur fyrir stráka? Hver stjórnar riddaranum? (kk/kvk) Skoðum myndirnar á leikfanginu Hvar eru stelpurnar? Hvar eru strákarnir? Af hverju eru bara strákar á myndunum? Geta bara stelpur orðið riddarar? Geta bara strákar orðið riddarar? Hvað þarf til að vera góður riddari? Hvernig geta strákar verið góðir riddarar? Hvernig geta stelpur verið góðir riddarar? Af hverju er selt riddaradót sem er bara ætlað strákum? Er það sanngjarnt?	Teikna • Kvenriddara • Karlriddara • Kastala Fara í riddara (finna til læknisdót) • • Lesa bækur og syngja söngva um riddara • • Skapandi starf • Búa til hjálma, skikkjur, skjöld • Búa til pils fyrir riddarann • Teikna eða búa til hesta fyrir riddarann og þeir mega vel ver skrautlegir • Smíða eða móta kastala og umhverfi þar sem búa hugrakkar riddarastelpur og ljúfir riddarastrákar

Þar sem orðið riddari er karlkyns er það notað í stað „hann“ sem getur verið nokkuð leiðandi

(Athugið að myndina má afrita út fyrir ramman og stækka hana svo hún sé á sér blaði)

Nafn	
Dagsetning	
Viðfangsefni	Það sem pabbi og mamma gera í vinnunni

Mamma	Pabbi

Eyðublað – Um pabba og mömmu

Nafn	
Dagsetning	
Viðfangsefni	Pabbi og mamma, gera, líkar við, eru best í

Pabbi	Mamma

Eyðublað – Litir fyrir stelpur og stráka

Nafn	
Dagsetning	
Viðfangsefni	

Litir fyrir stelpur	Litir fyrir stráka

Eyðublað – Þegar ég verð stór ætla ég að verða…

Nafn	
Dagsetning	
Viðfangsefni	Ég ætla að verða _____þegar ég verð fullorðinn

Eyðublað – Strákadót

Nafn	
Dagsetning	
Viðfangsefni	Strákadót

Eyðublað – Stelpudót

Nafn	
Dagsetning	
Viðfangsefni	Stelpudót

Myndir til að ræða um

Hér fylgja myndir sem má prenta út (eru fengnar úr Clip Art eða leit á vef í images, sem sé ekki endilega til dreifingar í stóru samhengi). Þær má nota til að sýna eina í einu og ræða. Ég mæli með að ekki sé margt til umræðu saman daginn, frekar að kafa djúpt í eitt viðfangsefni og ræða það vel, reyna að fá fram margar hliðar og athugið að ekkert er rétt og engin skoðun skal stoppuð. Ekki nota nei eða leiðrétta með betri hugmynd, ekki detta í þá gryfju að gefa svör eða mótrök). Hugmyndin er að börnin velti málinu fyrir sér og myndi sér eigin skoðun af því þeim þyki hún skynsamleg.

Byrjið umræðu um allar myndir á því að ræða, hvað er á myndinni, til hvers er þetta notað... þannig að börnin séu örugglega með á nótunum. T.d. er ekki víst að þau þekki þá eldavél sem sýnd er á mynd, né þá þvottvél osfrv. **Umræðuefni um hverja mynd geta verið:**

- Hver gerir verkin
  - Heima
  - í skólanum
  - annarstaðar, hjá vinum, afa og ömmu, frænkum... í bókum, barnaefni, sjónvarpi, ... (gefa börnunum víðari sjóndeildarhring)
  - _____
  - _____

- Hver er góður í þessu verki
  - af hverju?
  - hvað þarf til að vera góður í þessu
  - hvað þarfa að kunna, geta, gera, vilja... (fá fram umræðu um þá hæfileika/getu, sem verkið krefst og svo hver getur sinnt því)
  - _____
  - _____
  - _____

- Annað: (punktaðu hjá þér hvað gæti fleira hjálpað þér að halda umræðu gangandi)
  - _____
  - _____
  - _____

Athugið að aldur, áhugi, tími ... og aðrir þættir eru mun líklegri til að vera ástæða en kyn





Suds
Alot

Bill

BLD054352 [RF] © www.visualphotos.com

PHOENIX

wiseGEEK

Myndir til að ræða um: Bleikt eða grænt hjól?

Myndir til að ræða um: Bleikur eða grænn bolti?

Myndir til að ræða um: Bleikur eða grænn?
bílar, trukkar og vinnuvélar

MAC'S SPRING
RANGER

ENGINE CO. 3
GUARDIANS OF THE RIBBON
LESLIE
PINKFIRETRUCKS.ORG
SUPPORTING WOMEN RAISING AWARENESS
PINK HEALS

BREAST CANCER
AWARENESS
CBM

406
Proudly Supporting Breast Cancer Awareness
BARRICK
CAT

CAT